

AUGLÝSING

um friðland við Fitjaá í Skorradal

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar, að frumkvæði landeigenda Fitja og með samþykki Skorradalshrepps og annarra landeigenda, að friðlýsa votlendissvæði Fitjaár í Skorradal sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Friðlýsingin miðar að því að vernda víðlent, samfellt og lítið raskað votlendissvæði við Fitjaá þar sem skiptast á mýrar og flóar.

Svæðið gegnir fjölbreyttu hlutverki í vistkerfum og er meðal annars mikilvægt búsvæði plöntu- og fuglategunda, það dregur úr áhrifum flóða og mengunar og eykur vatnsgæði straumvatna sem um það renna. Jarðvegur votlendisins er lífrænn og hefur hátt kolefnisinnihald og mikla vatnsgeymd. Ríkjandi æðplöntutegundir eru mýrarstör og gulstör og mynda þær eitt víðaáttumesta mýragróðursamfélagið á svæðinu en jafnframt er þar að finna fjölbreytt mýragróðursamfélög og vatnaplöntur. Starungsmýravist sem er helsta votlendisvistgerð svæðisins hefur mjög hátt verndargildi. Við ósa Fitjaár er jafnframt fjölbreytt fuglalíf.

Lögð er áhersla á mikið verndargildi þess óspillta votlendissvæðis sem er við ósa Fitjaár.

Friðlýsingin samræmist markmiði 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978) og rammasamningi Sameinuðu Þjóðanna um loftlagsbreytingar (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993).

Hið friðlýsta svæði er 0,88 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda víðlent, samfellt og lítið raskað votlendissvæði við Fitjaá, vernda vistgerðir og búsvæði ásamt því að styrkja verndun lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu. Þá miðar friðlýsingin jafnframt að því að vernda og viðhalda tegundafjölbreytni svæðisins og vistfræðilegum ferlum sem og stuðla að ákjósanlegri verndarstöðu tegunda og fræðslu um votlendissvæðið.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með friðlandinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlandsins í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur, að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánar skal fjallað um umsjón friðlandsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, grunnvatnsstöðu á svæðinu, framandi tegundir, umferð og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórn, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6.gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og Hafrannsóknarstofnunar, rannsókna- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samráði við landeigendur, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

8. gr.

Verndun jarðminja.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 11. gr.

Nánar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

9.gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal lífríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf, að undanskildum framandi tegundum.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan friðlandsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Óheimilt er að gróðursetja plöntur og notkun tilbúins áburðar á svæðinu er óheimil. Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á friðlandið eða berast inn á það.

Nánar skal fjallað um framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Verndun menningarminja.

Um vernd menningarminja fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Skorradalshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki, sem og leyfi landeigenda.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun friðlandsins og öryggi gesta.

Til að tryggja vernd og náttúrulegt ástand votlendisins er öll framræsla innan friðlandsins óheimil.

Heimilt er að viðhalda leiðirás vestan við Dimmamel og tæmingarskurð austast á friðlandinu sem taka við yfirborðsvatni, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Innviðaupbygging svæðisins, svo sem stígagerð skal vera í samræmi við samþykkt skipulag.

Um viðhald vega fer eftir ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 og framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

Umferð í friðlandinu

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Ávallt skal fylgja göngustígum þar sem þeir eru til staðar.

Nætgisting er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umferð sjókatta og vélknúinna báta innan friðlandsins er óheimil.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka friðlandinu, í heild eða að hluta, í verndarskyni í samræmi við 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar helst eins og verið hefur.

Óheimilt er að hafa hunda innan marka friðlandsins án fylgdar og tryggjar stjórnar. Gestir svæðisins skulu hafa hunda sína í taumi á svæðinu á varptíma. Varptími skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla.

Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á skilgreindum hjólastígum og vegum samkvæmt skipulagi svæðisins.

Ríðandi mönnum er aðeins heimil för um svæðið á skilgreindum reiðleiðum og vegum.

Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir friðlandinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið þessu banni eru leitar- og björgunaraðgerðir.

Nánar skal fjallað um umferð og umgengni um friðlandið í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Umgengni um friðlandið

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan marka friðlandsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

14. gr.

Veði og notkun skotvopna.

Stefnt skal að útrýmingu minks.

Veðar á mink og ref eru heimilar í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Öll önnur meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, að undanskildum veiðum á framandi ágengum tegundum í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Heimild til veiða í ám og vötnum helst sem verið hefur.

15. gr.

Viðurlög

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

16. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra

Viðauki I – kort og hnitaskrá



Friðland við
Fitjaá í Skorradal

Mörk friðlands við Fitjaá í Skorradal

Flatarmál:	88 ha
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hinattstaða:	ISN93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ
Dags:	25.05.2021
© Landmælingar Íslands	

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	388727	444291	28	388798	443508
2	389053	444056	29	388689	443556
3	388968	443961	30	388505	443652
4	389104	443853	31	388479	443651
5	389164	443921	32	388457	443646
6	389246	443813	33	388424	443633
7	389281	443777	34	388351	443639
8	389357	443718	35	388278	443695
9	389460	443642	36	388274	443711
10	389536	443583	37	388300	443764
11	389571	443547	38	388301	443773
12	389600	443513	39	388291	443778
13	389635	443459	40	388260	443784
14	389678	443361	41	388227	443789
15	389698	443320	42	388209	443805
16	389485	443212	43	388187	443819
17	389264	443467	44	388145	443817
18	389243	443478	45	388120	443840
19	389119	443471	46	388101	443905
20	389052	443452	47	388090	443923
21	389017	443444	48	388074	443938
22	388995	443435	49	387996	443976
23	388966	443420	50	387896	444078
24	388933	443406	51	388182	444342
25	388895	443410	52	388649	444328
26	388887	443426	53	388668	444347
27	388879	443447	54	388727	444291